

**Ráðherra, alþingismenn,
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!**

„Landssamband smábátaeigenda er samband félaga og svæðisfélaga smábátaeigenda. Tilgangur þess er að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátaeigenda á öllum sviðum, vera opinber málsvari þeirra og stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varða.

Þá skal félagið sérstaklega vera málsvari félagsmanna, svæðisfélaga og undirfélaga þeirra gagnvart stjórnvöldum og stjórnvaldsaðgerðum er lúta að fiskveiðum, öryggismálum, tryggingamálum, málefnum vöruvöndunar, eftirlits og félagslegum réttindum.

Til að tryggt sé að LS geti fylgt eftir þessum markmiðum er formanni og framkvæmdastjóra heimilt, að fengnu samþykki stjórnar, að höfða hvers konar dómsmál á framangreindum sviðum í nafni LS til þess að gæta hagsmuna svæðisfélaga, undirfélaga innan svæðisfélaga, félagsmanna og einstakra félagsmanna.

Heimild þessi nær einnig til að áfrýja dómi til Hæstaréttar Íslands og þeirra dómstóla erlendis er fjalla um mannréttindamál.“

Þannig hljóðar 2. gr. samþykktar Landssambands smábátaeigenda. Efni greinarinnar er kjarnyrt og gefur sterk skilaboð um að hér sé félag á ferðinni sem er reiðubúið til að efla og verja félagsmenn þess til hins ítrasta. Með sterkri samstöðu allra félagsmanna hefur það að mínu mati tekist. Það olli framkvæmdastjóra ykkar verulegum vonbrigðum að það skyldi kvarnast úr félaginu á miðju þessu ári sem endaði með stofnun annars félags.

Hvernig sem ég lít á þessa ákvörðun kemst ég alltaf að sömu niðurstöðu. Ekki er ástæða til að erfa eitt né neitt, heldur ástæða til að hvetja félagsmennina til að draga úrsagnir sínar til baka og stuðla þannig áfram að

sterku landssambandi sem hefur alla burði til að vinna að þeim málum sem 2. gr. samþykktar félagsins segir til um.

Reyndar er það svo að ég hef vissu fyrir því að einstaka útgerðir hafa tekið ákvörðun um að draga úrsagnir sínar til baka, dæmi þar um eru Stakkavík í Grindavík og GPG á Húsavík.

Kjarasamningar sem undirritaðir voru 29. ágúst 2012 eru lausir í enda janúar á næsta ári. Engum blöðum er um það að fletta að samningarnir eflu landssambandið. Samningurinn tryggir lágmarkskjör sjómanna og tryggir betur starfsumhverfið og stöðu LS gagnvart stjórnvöldum.

Í hönd fer upplýsingaöflun frá skrifstofu LS um það sem betur má fara í samningnum þannig að ljóst verði með hvaða böggla samninganefnd LS fer með til viðræðna við sjómannasamtökin.

Dæmi um innihald er samræming réttindamála. Stjórnvöld tóku ákvörðun um að færa stærðarmörk krókaafلامarksbáta upp að 15 m. Það kallar á að þau komi að lagabreytingu er lítur að mönnum þeirra og verði samræmd. Þegar kjarasamningur var undirritaður var enginn krókaafلامarksbátur yfir 12 metrum.

Gerð kjarasamningsins tryggir LS einnig stöðu í viðræðum við stjórnvöld um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem nú er að hefjast. Boðað hefur verið að byggt verður á starfi sáttanefndar þar sem m.a. var lögð áhersla á að nýtingaréttur yrði tryggður. Gerður yrði samningur um hann til langs tíma þar sem m.a. væri gert að skilyrði að fyrir lægi kjarasamningur við rétthafa.

LS hefur með gerð kjarasamningsins lokið sinni heimavinnu hvað þetta mikilvæga atriði varðar.

Í leiðara í sjómannadagsblaði Brimfaxes gerði ég að umtalsefni þann pírting sem ríkti hjá einstökum félagsmönnum. Hann þarf kannski ekki að koma á óvart því hans verður vart út um allt þjóðfélag vort. Margar ástæður eru fyrir óánægjunni. Ein þeirra er tengd úrlausn mála sem tengjast skuldaleiðréttingum. Hvað á annað að vera þegar málin eru rekin

stefnulaust gagnvart fyrirtækjum. Hver og einn leitar úrlausna. Lánastofnanir reikna og reikna, biðja aðila að sýna biðlund. Á meðan ólmast heill her af lögmönnum í að verja fjármálastofnanir gegn réttmætum kröfum viðskiptavina sinna um leiðréttingu gengistryggðra lána. LS tók fljótt eftir að leikurinn var ójafn. LS sér það einnig betur og betur að hugmyndir félagsins sem kynntar voru á haustdögum 2009 hefðu komið í veg fyrir þann ójöfnuð sem skapast hefur með eilífum málarekstri. Dæmin eru fjölmörg í okkar röðum. Ástæða til að nefna eitt þeirra á þessum vettvangi. Tveir aðilar ákváðu að auka við sig í veiðiheimildum á árinu 2006. Annar með viðskipti sín hjá Landsbankanum, hinn hjá sparisjóði sem enn er starfandi. 75 tonn af þorski keypt og greitt fyrir það 200 milljónir. Sparisjóðamaðurinn skuldar nú 400 milljónir, en leiðrétt lán landsbankamannsins leggur sig á 200 milljónir. Báðir tóku lánin í sama tilgangi – lánasamningar nánast samhljóða, nema lögfræðingaherinn náði að sannfæra Hæstarétt um að lán þar sem ekki væri minnst á íslenskar krónur bæri ekki að leiðrétta, en aftur á móti þar sem einhvers staðar var vikið að þeim væri um ólöglegt lán að ræða og endurreikna bæri höfuðstól lánsins.

Framkvæmdastjóra ykkar láir ykkur ekki fyrir að vera gramir yfir þessum vinnubrögðum. Hvers vegna voru ekki sett lög á þessi lán eins og gert var við lán þar sem húseignir voru að veði? Báðir aðilar hafa ekki tekjur í erlendri mynt. Báðir aðilar fengu aldrei erlenda mynt inn á reikningana sína. Ástæða er til að gagnrýna harðlega þá stöðu sem ríkir í þessum málum. Hún hefur orðið til þess að harðduglegir menn í okkar röðum hafa hrakist frá útgerðinni. Þeim hefur verið og verður nauðugur einn kosturinn að selja frá sér kvótann og þar með atvinnuna. Ekkert er eftir að loknu áratuga streði. Allt hirt í skjóli dóms Hæstaréttar að lánið var löglegt gengistryggt lán. Verði ekkert gripið inn í mun útgerðum í krókaafلامarki fækka og þar með aflaheimildir færast á færri hendur. Lánastofnanir hafa áfram völdin. Lánað hefur verið til stækkunar báta, lánað er til kvótakaupa til að hámarka veiðigetuna. Veðin gerð tryggari með því að hækka kvótaverðið og reksturinn þíndur til hins ítrasta til að greiða af lánum þar sem lántakandi hefur engar tryggingar um að ekki skuli farið yfir greiðsluþol hans. Við þessar aðstæður koma kjarasamningar sér vel!!

Fyrir nokkru ritaði LS stjórn Byggðastofnunar bréf og óskaði eftir leiðréttingu f.h. nokkurra félagsmanna. Tilefnið var að gengistryggt lán sem stofnunin lánaði var dæmt löglegt í Hæstarétti. Vætanlega kemur þessi beiðni til kasta stjórnvalda og reynir þá á hvort þau geti komið að borðinu og leiðrétt og jafnað þar með aðstöðumun sem dómurinn leiddi af sér. Þau hafa gert það, en þar vitna ég til leiðréttingar lána sem tekin voru í sparisjóðum sem SPKef keypti og rann svo inn í Landsbankann okkar. Einnig vitna ég til fréttar í Morgunblaðinu frá 9. maí sl. þar sem fyrirsögnin var „Erlend lán SÍ til sparisjóða leiðrétt um 47%“. Er ekki rétt að upplýsa um hvernig þessir lánasamningar voru og hvað sparisjóðirnir hafi gert við þessa peninga.

Fiskverð

Fiskverð hefur talsvert verið milli tannanna á félagsmönnum síðustu misserin. Af því tilefni tók ég saman útflutningsverð á ferskum þorski fyrstu 8 mánuði þessa árs og bar það saman við verðþróun á línuporski í beinum viðskiptum byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í útflutningi hefur verðið lækkað um 15,4% sem er nánast það sama og á markaðinum 15,5%, hins vegar hefur verð í föstum viðskiptum lækkað mun meira eða 17,3%, þannig að hlutfall beinnar sölu og markaðsverð hefur farið úr 84,5% í 82,7%.

Ýsugengd

Enn eitt árið vík ég að mikilli ýsugengd hér á miðunum allt í kringum landið. Vonandi að það verði áfram árlegt, og því fylgi þá eintóm sæla en leiði ekki af sér aukinn kostnað eins og nú er. Við þorskveiðar á línu útifyrir Norðurlandi er algengt í 4,5 tonna þorskróðri að þorskurinn sé í minnihluta, um þriðjungur, og afgangurinn ýsa. Í síðustu viku var verð á mörkuðum fyrir óslægðan þorsk að meðaltali 281 kr/kg og fyrir ýsuna fengust 308 kr/kg.

Leiguverð á ýsunni þegar umreiknað hefur verið í óslægt var á sama tíma 252 kr/kg.

Gróflega leggur róðurinn sig á aflaverðmæti kr. 1.200 þús. og er því meðalverðið á þessum 4,5 tonnum 265 kr/kg. Þegar hins vegar kostnaður vegna ýsunnar hefur verið dreginn frá fer kílóverðið niður í 140 kr/kg sem er innan við helmingur af aflaverðmætinu.

Brýnt er að stjórnvöld komi að þessum vanda við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, þá er óhjákvæmilegt að þessi vandi verði ræddur með tilliti til kjarasamninga sem verða lausir 31. janúar nk. Hér stendur smábátaeigandinn frammi fyrir því að komast ekki á sjó nema lagt sé í umtalsverðan kostnað.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða er hafin enn eitt árið. Stofnaður hefur verið ráðgjafahópur sem ætlað er að vera til aðstoðar við samningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Fram hefur komið að endurskoðunin mun taka mið af tillögu sáttanefndar sem starfaði á liðnu kjörtímabili.

LS mun koma með sínar tillögur sem fundurinn hér í dag og á morgun mun varða.

Áhersluatriði

Tryggja þarf að línuívilnun náí til allra dagróðrabáta eins og raun var á þegar línuívilnun var fest í lög 15. desember 2003. Frá þeim tíma hefur landslagið breyst og dagróðrabátar með línubeitningavél hafið veiðar sem ættu án nokkurs vafa að falla undir ívilnunina.

Tryggja þarf framgang samþykktar strandveiðinefndar LS um breytingar á strandveiðikerfinu þannig að heimilt verði að róa fjóra virka daga í viku hverri yfir sumarið. Mikilvægur áfangi í þeirri baráttu er að bráðabirgðaákvæði í Örn Pálsson

lögum sem tryggir 8.600 tonn af botnfiski til strandveiða verði ótímabundið, en að óbreyttum lögum lækkar sú tala um 30%, eða 2.600 tonn við strandveiðar 2015.

- Tryggja þarf að **skiptimarkaður** með aflaheimildir verði virkur á nýjan leik. Afnema verður ákvæði sem kom inn í lögin 2011 þegar hægt var að kalla til baka þorsk, ýsu, ufsa og steinbít og láta aðrar tegundir í staðinn. Þetta hefur orðið til þess að skiptimarkaðurinn hefur ekki virkað fyrir þessar tegundir.
- Í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða er umdeilt ákvæði sem orðast svo:
„Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.“

Ekki er að finna skilgreiningu á samfelldri veiðireynslu í lögnum, en í lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands er hún skilgreind þannig:
„Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu stjórnvalda.“

Í lok ágúst tilkynnti sjávarútvegsráðherra ákvörðun sína um að setja þrjár tegundir í kvóta – blálöngu, litla karfa og gulllax. Jafnframt greindi hann frá því að bráðlega mundi hann setja af stað vinnu þar sem farið yrði yfir hvernig réttast yrði staðið að því að setja makríl í kvóta. Ákvörðun sína byggir hann á áðurnefndri 9. gr. og hugtakinu „samfelld veiðireynsla“.

Trillukarlar hljóta að velta fyrir sér og spyrja – hvað með okkur. Blálanga hefur í vaxandi mæli þvælst inn á okkar slóð og við fengið hana sem meðafla, rétt eins og löngu og keilu en þau kvikindi, sérstaklega langan, eru orðin til vandræða. Þessar tegundir hafa ekki verið á okkar slóð og við höfum aldrei stundað beina sókn í þær.

Ég gagnrýni hér harðlega kvótasetningu á blálöngu. Tegundin er að mestu staðbundin og hafi verið ástæða til að vernda hana fyrir ofveiði væri í lófa lagið að setja hömlur á beina sókn í hana og lengja lokanir við hrygningarsvæði suður að Vestmannaeyjum og á Franshól. Nú þegar aðeins er liðinn rúmur mánuður af fiskveiðiárinu eru hún strax orðin til vandræða. Einn krókaaflamarksbátur hefur fengið sem meðafla það sem af er árinu rúm 7 tonn af henni. Að hans sögn er vonlaust að fá hana leigða, enda eru veiðiheimildir ekki í neinu samræmi við veiðar undanfarinna ára. Aðeins 1.400 tonnum úthlutað en veiði á síðasta ári fór í 4.500 tonn. Þá er einnig rétt að upplýsa að tvö útgerðarfyrirtæki eru með 41,5% af öllum kvótanum. Ef einhvern tímann er nauðsyn á endurskoðun þessa lagaákvæðis þá er það nú. Einnig spyr ég, hvað lá á. Var ekki hægt að setja saman vinnuhóp og skoða þessi mál sérstaklega. Ég skora á ráðherra að afnema ákvæði reglugerðarinnar um kvótasetningu á blálöngu hið snarasta. Vandinn sem ákvæðið skapar er yfirpyrmandi á móti því sem ávinnst með ákvæðinu.

Þá skora ég á ráðherrann að beina sjónum sínum að áðurnefndri 9. gr. áður en ákvörðun um kvótasetningu á makríl verður tekin. Það þarf t.d. að skilgreina í lögunum um stjórn fiskveiða hvað er átt við með „samfelldri veiðireynslu“. Makrillinn kom vart inn á veiðislóð smábáta fyrr en á síðasta ári og almennar veiðar hófust ekki fyrr en nú í ár. Það sama á við íslensku sumargotssíldina, skötusel og löngu, keilu og fyrrnefnda blálöngu. Ég ítreka að nauðsynlegt er að breyta 9. gr. þannig að svigrúm sé fyrir annars konar veiðistýringu en kvótasetningu þegar hún á ekki við. Blálangan er hér skýrt dæmi þar um.

Vinnan framundan

Hér fer í hönd hörð rimma og eins gott að landssambandið standi sig þegar kemur að boðaðri endurskoðun laganna – en eins og ég hef margsinnis sagt

er samstaða og samheldni okkar sterkasta vopn. Látum ekki skammtíma hagsmuni villa okkur sýn eða eins og sagt hefur verið gegnum tíðina og Fontur og Sæljón vekja nú athygli á í tillögum sínum, „sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér“.

Sérstakt veiðigjald

Annað mikilvægt málefni sem nú er hafin vinna við er endurskoðun á ákvæði um sérstakt veiðigjald. En eins og menn hafa orðið óþyrmilega varir við á undanförunum mánuðum tekur þessi gjaldtaka verulega í. Einarður málflutningur skilaði sér í lagabreytingu hjá núverandi ríkisstjórn þegar fullt sérstakt veiðigjald var lækkað úr 23,20 á ígildið niður í 7,38. Ekki er óvarlegt að reikna að lækkunin hjá smábátum hafi verið um 450 milljónir vegna þessa.

Það hefur verið algengur misskilningur aðdáenda gjaldtöku á útgerðina að þar sé andstaða við að greiða veiðigjald. Það get ég staðfest að trillukörum finnst rétt að greiða sanngjarnt veiðigjald, þeir hafa aftur á móti eins og kollegar þeirra á stærri skipum gagnrýnt að gjaldið skuli ekki taka mið af rekstrinum hjá þeim. Fæstir þeirra eru t.d. með vinnslu. Þið eruð flestir í útgerð og hagnaður vinnslunnar í sjávarútvegi belgir ekki út efnahagsreikninginn hjá ykkur. Ég tek heilshugar undir þær tillögur sem hér liggja fyrir að hækka frítekjumarkið og 50% afsláttarpak á veiðigjaldið.

Ég er bjartsýnn á að endurskoðun og vinna veiðigjaldsnefndar skili okkur sanngjörnu veiðigjaldi.

Breytingar á sl. ári

Breytingar á laga og reglugerðar umhverfi sem lúta að smábátaútgerðinni voru fjölmargar á nýliðnu aðalfundarári. Auk þess ávinnings sem náðist í breytingum á lögum um veiðigjald, nefni ég hér sjö aðra þætti sem eiga það sameiginlegt að efla smábátaútgerðina.

- Veiðiheimildir í íslenskri sumargotssíld voru auknar úr 500 tonnum í 900 tonn.

- Veðiheimildir í makríl voru auknar úr 1.100 tonnum í 3.200 og síðan framlengdar í tvígang þannig að aflinn endaði í 4.678 tonnum.
- Strandveiðibátum var áfram tryggð 8.600 tonna veiði með framlengingu á bráðabirgðaákvæði en hefði að óbreyttu verið 6.000 tonn.
- Jafnræði var komið á varðandi innlegg í veiðipotta til styrktar stjórnkerfi fiskveiða sem tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þar á ég við línuívilnun, strandveiðar, byggðakvóta o.s.frv. fyrir breytingu létu þeir einir til þessara aðgerða sem höfðu veiðiheimildir í þorski, ýsu, steinbít og ufsa. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim sem næstur mér situr fyrir sinn þátt í að koma þessu réttlætismáli í höfn, sá slagkraftur var ekki lítill.
- „Stakkavíkurákvæðið“ framlengt um eitt ár – skulu vera komnir innan marka hlutdeildar 1. september 2014.
- Áframhaldandi veiðar á síld og skötusel tryggð.
- 2.500 tonn af þorski og 500 tonn af ufsa til byggðakvóta framlengt.

Greiðslumiðlun

En ekki voru allar breytingar til góðs. Lög um greiðslumiðlun er gott dæmi um slíkt. Hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna með dyggum stuðningi frá Samtökum atvinnulífsins hafa barist fyrir afnámi laga um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins í áraraðir. Andspænis þeim hefur staðið félagið ykkar Landssamband smábátaeigenda. Í lok mars samþykkti Alþingi að fella lögin úr gildi sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2014, þ.e. um næstu áramót að því undanskildu að fiskkaupendum og fiskmörkuðum verður skylt að halda eftir félagsgjöldum til LS með sama hætti og gildir það ákvæði til 1. janúar 2016 enda hafi aðilar gefið samþykki sitt fyrir því. Það var með ólíkindum hversu mikið þúður framangreindir aðilar eyddu í að ná

Þessu fram, meira að segja fyrir 3. umræðu á þinginu var reynt að læða því inn að lögin kæmu til framkvæmda 1. júní sl. Ég hef verið spurður hvers vegna þessi óvild út í LS? Hvað kom þeim þetta við? Vita þeir ekki að tekjustofn LS, réttindi félagsmanna varðandi tryggingar og lífeyri hafa verið tryggð með þessum lögum? Jú það er einmitt það sem þeir vissu og það fullyrði ég að þeir hefðu aldrei náð þessu í gegn ef LS hefði sem einn maður staðið saman gegn þessum árásum. En það kvarnaðist úr samstöðunni og því fór sem fór.

En LS er ekki þekkt fyrir að leggja árar í bát. Fyrir aðalfundinum liggja tillögur um að óska eftir því við stjórnvöld að fresta því um eitt ár að þeir þættir sem heyra til LS leggist af. Það er von mín að full samstaða verði um þennan þátt hér á aðalfundinum þannig að þingmenn velkist ekki í vafa um óskir LS. Rétt er að minna hér á að þegar LS tókst að lækka iðgjöld trygginga um tugi milljóna með útboði var greiðslumiðlunarkerfið forsenda þátttöku þar sem það tryggði fulla skilvísi iðgjalda. Fyrir dyrum stendur útboð um hina nýju skyldutryggingu sjómanna um slysa- og örorkubætur. Hætt er við að árangur verði ekki jafn glæsilegur ef greiðslumiðlunarkerfinu verður ekki viðhaldið.

Stærðarmörk krókaafلامarksbáta – á síðasta aðalfundi var samþykkt að leggjast gegn breytingum á stærðarmörkum krókaafلامarksbáta. Var samþykktin í fullu samræmi við sjónarmið aðalfunda svæðisfélaganna. Aðeins hálfum mánuði eftir að aðalfundi lauk svaraði ANR loksins bréfi landssambandsins þar sem krafist var að bátur í krókaafلامarki sem var yfir stærðarmörkum yrði tafarlaust sviptur leyfinu. Svar ANR var frumvarp sem ráðuneytið hafði ákveðið að leggja fyrir Alþingi. Frumvarpið var lagt fram í lok nóvember en ekki mælt fyrir því fyrr en 16. janúar. Það gerði ráð fyrir að stærðarmörk krókaafلامarksbáta yrðu óbreytt, en þeir bátar sem hefðu verið mældir yfir stærðarmörkum 1. nóvember yrði heimilt að umskrá krókaafلامlutdeild í aflahlutdeild. M.ö.o. frumvarpið, hefði það orðið að lögum, hefði opnað upp á gátt milli kerfa. Þetta átti að vísu eingöngu að eiga við þá sem búnir væru að mæla fyrir vissan tíma. Þegar hér var komið sögu hlupu menn til og opnuðu á milli, settu slár og létu endurmæla.

Þegar litið er aftur til þessa ástands er ekki annað að sjá en það hafi verið einbeittur vilji fyrrverandi stjórnvalda að opna á milli. En margt átti eftir að breytast á stuttum tíma. Vandí stjórnar landssambandsins og framkvæmdaráðs var gríðarlegur á þessum tíma. Staðið var frammi fyrir ákvörðun um hvort víkja ætti samþykktum aðalfundar til hliðar og biðja um að stærðarmörkin yrðu færð í 15 m sem hefði ekki í för með sér breytingu á krókaafhlutdeild eða halda sig við samþykktir aðalfunda og sjá þá á eftir miklu magni krókaveiðiheimilda yfir í aflamark. Dæmi um vandann má sjá í fundargerð framkvæmdaráðs LS frá 18. janúar þegar rætt var um frumvarpið þar kemur fram að umræðufletir sem bókaðir voru urðu alls 29 talsins.

Ákveðið var að gera tvær tillögur til atvinnuveganefndar um frumvarpið:

- A. LS styður stærðarmarkahluta frumvarpsins (15 brt) að því tilskildu að krókaaflamark verði í engu tilvika umbreytt í aflamark.
- B. LS lýsir andstöðu sinni við stærðarmarkahluta frumvarpsins og hvetur til að stærð krókaaflamarksbáta verði að hámarki að 15 m mestri lengd enda gerist þá ekki þörf fyrir umbreytingu krókaaflamarks né hlutdeilda í aflamark.

Mjög erfitt var á þessum tíma að greina hverjir skipuðu í raun meirihluta í atvinnuveganefnd eða hvort aðilar sem kæmu inn mundi styðja meirihluta álitid. Vissulega var þar tekið tillit til sjónarmiða LS um að hafa stærðarmörk óbreytt og fellt hafði verið út heimild til að umskrá krókaafhlutdeild í aflahlutdeild. Hins vegar var viðurkennt að bátar sem væru mældir yfir mörkunum við gildistöku laganna yrðu áfram krókaaflamarksbátar. Þá náðist það einnig inn í meirihlutatillöguna að ýsuvandinn varð viðurkenndur.

En svo fjaraði þingið út, kosningar og ný ríkisstjórn.

Eitt af forgangsmálum nýrrar ríkisstjórnar var að kljást við stærðarmörk krókaaflamarksbáta. Ljóst var miðað við viðhorf nýrra þingmanna og endurkjörinna að ekki var meirihluti í þinginu fyrir óbreyttum stærðarmörkum. Ráðherra var fylgjandi 15 m en við vinnslu frumvarpsins var hámarksstærð

ákveðin 20 brt. og þannig komið til móts við sjónarmið LS. Í athugasemdum með frumvarpi ráðherra segir eftirfarandi um þetta atriði:

„Við undirbúning þessa frumvarps hafa komið fram andstæð sjónarmið sem leitast hefur verið við að sætta. Annars vegar eru sjónarmið heildarsamtakanna Landssambands smábátaeigenda sem hafa verið eindregið andsnúin breytingum á reglum um hámarksstærðir krókaaflamarksbáta með þeim rökum að með því væri gengið gegn þeirri sátt sem náðist um stærð þeirra á Alþingi vorið 2002. Hins vegar eru sjónarmið sem einkum gætir hjá eigendum stærstu línubátana sem hafa beitningarvélar um borð sem þrengt geta að annarri vinnuaðstöðu. Þeir hafa eindregið óskað eftir því að hámarksstærð bátanna verði aukin“. „Með ákvæðum 1. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við sjónarmið þessara aðila, án þess að raska hámarksstærðum krókaaflamarksbáta að mun. Þá hefur einnig verið litið til þeirrar einföldunar sem felst í tillögu um að taka upp evrópskar skráningarreglur fyrir þennan fiskiskipaflokk.“

Framhaldið þekkja flestir hér inni. Atvinnuveganefnd ákvað að fylgja ekki sáttatillögu ráðherra heldur að leggjast alfarið á sveif stækkunarsinna og var frumvarpið afgangið sem lög frá Alþingi 25. júní sl. Veiðileyfi í krókaaflamarki geta nú fengið bátar sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn.

Frá því þessu máli lauk og í raun allt þetta ár spurði ég mig oft þeirrar spurningar, ná aðalfundarsamþykktir út yfir gröf og dauða? Engin má skilja orð mín þannig að ekki eigi að virða samþykktirnar. En það geta komið upp aðstæður sem í raun kalla á sniðgöngu.

Aflamet einn eitt árið

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta og krókaaflamarksbáta hefur aldrei verið meiri en á sl. fiskveiðiár.

82.712 tonn

Alls voru 1.156 bátar á bakvið þann afla.

Hlutdeild ykkar í einstaka tegundum var einnig glæsileg – þið veidduð 23,7% af öllum þorski hér við land og vantaði aðeins 762 tonn upp á að hafa náð 50 þús. tonnum. Ýsan smell yfir 30% þar af voru krókabátar með 29,5%. Þá veidduð þið 48% af öllum steinbít.

Aflahæstur í krókaafلامarkinu varð Fríða Dagmar ÍS 103 frá Bolungarvík með 1.924 tonn. Á Fríðu Dagmar er tvöföld áhöfn, 3 um borð hverju sinni. Skipstjórar á hvorri vakt eru Sigurgeir Þórarinnsson og Hagbarður Marinósson.

Í flokki aflamarksbáta var Kristinn ÞH 163 með 232 tonn Ríkarður Reynisson skipstjóri þar.

Aflahæstur á strandveiðum varð nafni minn Örn II SF 70 með 43,6 tonn. Elvar Unnsteinsson er eigandi bátsins og skipstjóri á honum.

Strandveiðar í ár voru ekki jafn gefandi og undanfarin ár. Miklar ógæftir og erfiðara gekk að ná skammtinum heldur en á sl. árum. Þá var verð aðeins lægra en 2012. Það sem kom á móti var að svæðin voru lengur opin. Róa mátti alla dagana 64 á svæði D, einn dagur gekk af á C, 18 á svæði B, en á svæði A voru leyfilegir róðradagar 35. Auk þess að minni afli var í hverjum róðri þá fækkaði bátum um 85 milli ára. Alls voru bátarnir 674 sem stunduðu strandveiðar, af þeim voru 256 sem voru með afla úr fleiri veiðikerfum og 418 eingöngu með strandveiðiafla.

Aflaverðmæti strandveiðibáta 2013 varð 2,4 milljarðar sem skilar um 3,6 milljónum á hvern bát í brúttóinnkomu. Verðmæti í hverjum róðri var 142 þús. sem er 12% samdráttur frá árinu 2012.

	Bátar	Róðrar	Porskur	Ufsi	Alls	Afli/bát	Afli/róður
2009	554	7.313	3.396	568	4.028	7,3 tonn	551 kg
2010	741	10.579	5.042	1.192	6.363	8,6 tonn	601 kg
2011	685	15.484	7.095	1.276	8.544	12,5 tonn	552 kg
2012	759	16.141	7.420	1.155	8.749	11,5 tonn	540 kg
2013	674	16.928	7.368	1.136	8.692	12,9 tonn	513 kg

Eins og áður var getið endaði makrílaflí færabáta í 4.678 tonnum. Alls voru 16 bátar með yfir 100 tonn en meðaltalið var um 50 tonn.

Heildarmakrílaflinn varð 137.688 tonn þannig að okkar hlutur náði einungis til 3,4% af heildarveiðinni.

En eitthvað hljóta menn nú að hafa borið úr bítum, hvað þá með allar gjaldeyristekjurnar sem urðu til við sölu aflans á erlenda markaði.

Aflaverðmætið á sl. fiskveiðiári nam 26,6 milljörðum og má því láta nærri að útflutningsverðmætið hafi verið 53 milljarðar og það er eins með aflaverðmætið, það slær öll fyrri met. Til samanburðar við aflaverðmæti sl. árs er hlutdeild smábáta 17%.

Lífeyrissjóðsmál

LS hélt áfram vöku sinni varðandi Gildi lífeyrissjóð. Á ársfundi sjóðsins bar það til tíðinda að fulltrúar frá landssambandinu sátu í fyrsta sinn ársfundinn með atkvæðisrétt á fundinum. Það varð þó ekki að tillögur LS rynnu í gegnum ársfundinn, þvert á móti voru þær felldar. Er það mikið umhugsunarefni hvers vegna sjóðurinn er jafn lokaður almennum félagsmanni og raun ber vitni. Með tillögunum lagði LS til að fulltrúaráð sjóðsins verði lagt niður og öllum sjóðfélögum tryggður milliliðalaus Örn Pálsson

atkvæðisréttur. Ennfremur að hinn almenni sjóðfélagi geti boðið sig fram til setu í stjórn sjóðsins og hlotið kosningu með atkvæðum sjóðfélaga sem mæta á ársfund.

Það er þó ekki svo að þetta brölt beri ekki einhvern árangur. Búið er að breyta hluthafastefnu sjóðsins þannig að nú er talið brýnt að sjóðurinn eigi skilyrðislaust að eiga fulltrúa í stjórn félaga sem hann fjárfestir í. LS hefur flutt tillögu um þetta efni sem jafnan hefur verið felld.

Gríðarlega háan kostnað við endurskoðun hef ég einnig gagnrýnt. Flutt tillögu í nokkur ár um að skipt verði um endurskoðunarskrifstofu. Hún hefur jafnan verið felld. Þess vegna kom það þægilega á óvart að ákveðið hefði verið að fyrir árið 2014 yrði leitað tilboða í endurskoðun á ársreikningi sjóðsins.

Á fundinum hvatti ég einnig stjórn sjóðsins til að kynna fyrir sjóðfélögum heimild þeirra til töku lífeyris við 60 ára aldur. Mörgum sjóðfélaganna væri hreinlega ekki kunnugt um þennan möguleika. Yfirlit sem send eru út eru leiðandi því þar kemur fram að hefji viðkomandi töku lífeyris við 65 ára aldur fengi hann x upphæð á mánuði, en ef hann mundi taka lífeyri frá 67 ára aldri hefði mánaðargreiðslan hækkað umtalsvert. Sjóðfélögum væru ekki kynntar aðrar leiðir.

Ég tel að á tímum mikils atvinnuleysis hjá ungu fólki og óhóflegs vinnuálags fólks á sjötugs aldri eigi Gildi að vera leiðandi í breytingum á þessu lífsmynstri. Þannig yrði fólki markvisst kynnt að það getur tekið út t.d. 50% af lífeyrinum við 60 ára aldur samtímis og það minnkar við sig vinnu. Samtímis mundu störf losna og yngra fólk fengi tækifæri til að komast inn á vinnumarkaðinn. Vissulega mundi taka lífeyris við 60 ára aldur skerðast, en að sama skapi væru tryggð full réttindi á því sem sæti áfram inni í sjóðnum. Með þessu yrði opnuð leið fyrir sjóðfélaga til að minnka við sig vinnu í áföngum og njóta samhliða greiðslu frá lífeyrissjóðnum á móti tekjuskerðingu við lægra starfshlutfall. Síðast en ekki síst að geta miðlað reynslu sinni til ungs fólks sem væri að koma inn á vinnumarkaðinn. Með tímanum mundi starfsaldur lækka og atvinnuleysi minnka.

Öryggismál

Einn stærsti þáttur þeirra liggur í öruggum fjarskiptum. Því miður hefur þeim þætti hrakað á undanförunum árum eða frá því Síminn fór úr eigu okkar.

GSM kerfið hefur á engan hátt leyst NMT kerfið af hólmi. Þá eru einnig hnökrar á AIS kerfinu sem ekki voru í STK kerfinu. LS hefur vakið athygli innanríkisráðherra á málefninu en því miður eru viðbrögð t.d. við að fækka skuggablettum og auka þannig öryggi ykkar, of hæg.

Flotbjörgunarbúningar hafa verið skyldaðir í öll skip lengri en 8 m og frá 1. janúar nk. verður ákvæðið gilt fyrir skip undir þeirri stærð. Vel hefur gengið að verða við breyttum reglum og þá ekki síst vegna samnings LS við Viking um verulegan afslátt af búnaðinum.

Grásleppumál

Að loknum síðasta aðalfundi var ákveðið að hefja nánara samstarf við Grænlandinga um grásleppuveiðar. Þeir voru heimsóttir af formanni og framkvæmdastjóra þar sem lögð var áhersla á upplýsingamiðlun um markaðinn og þann vanda sem skapast þegar veiðin fer úr böndum. Árangur af þessari ferð var nokkur þó veiði Grænlandinga á vertíðinni í ár hafi ekki sýnt það. Nánast óbreytt veiði við slæmar markaðsaðstæður. Veiðimenn hér dróu aftur á móti verulega úr veiðum þar sem veiðin minnkaði um 30%, svaraði til 8.491 tunna. Veiðidagar í upphafi vertíðar voru 20, en var svo fjölgað í 32 en voru 50 á vertíðinni 2012. Þá var netum fækkað úr 150 í 100.

Heildarveiði allra grásleppuþjóðanna varð í ár rúmlega 18 þúsund tonnur sem er fimmtungi minna en á vertíðinni 2012. Það skilar því að ástandið hér nú varðandi óseld hrogn er skárri en á síðasta ári. Mér reiknast til að birgðir nú séu um þriðjungur af því sem þær voru á sama tíma í fyrra.

Hætt er við að grásleppukarlar verði enn eina vertíðina að bíða eftir að veiðarnar gefi eitthvað í aðra hönd, nema tilkomi stærri markaður fyrir hrognin. Unnið er í þeim málum en árangur lætur á sér standa.

Markaður fyrir grásleppuna sjálfa í Kína er viðkvæmur. Þó verð hafi hækkað milli ára verður að fara varlega í þessum viðskiptum. Samkeppni aðila hér sem vinna með grásleppuna hefur ekki fætt af sér nýja markaði og stækkun markaðar sem fyrir er er hæg.

Alls stunduðu 286 bátar veiðarnar á vertíðinni sem er 50 bátum færra en 2012.

Fyrir fundinum liggja margar tillögur um grásleppumál. Ég vil hvetja menn til að fara varlega í allri sóknaraukningu vegna markaðsaðstæðna. Betra að leggja áherslu á að hagræða, draga úr kostnaði og fækka leyfum með sameiningu eins og ein tillagan gengur útá.

Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS 4 fundi og netfundir voru 7. Það minnkaði álag á stjórn að sett var á fót framkvæmdaráð sem í áttu sæti 3 stjórnarmenn, formaður og framkvæmdastjóri. Kosið var í ráðið á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Ráðið hélt 7 fundi og afgreiddi fjölmörg mál frá sér auk þess að koma að umræðunni í erfiðum málum.

Það er mín skoðun að framkvæmdaráð eigi að starfa áfram. Það gerir alla ákvarðanatöku auðveldari og betri sýn fæst á viðfangsefnin.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka framkvæmdaráðsmönnum og stjórn fyrir samstarfið á árinu. Það reyndi oft á en alltaf urðu til lausnir sem sigldu félaginu til betri vegar.

Til marks um starfið í stjórn og framkvæmdaráði voru á dagskrá alls um 100 mál á fundum þeirra.

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágæt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Talsverðar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 180 báta, Elding með 133 báta og Klettur er þriðja stærsta félagið með 124 báta á bakvið sig.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is er mikið notuð af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 227.659, það er 623 að meðaltali hvern dag ársins. Það aukning um 62 að meðaltali á dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 216 fréttir á heimasíðunni sem er 15 færri en á síðasta viðmiðunartímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Blaðið hefur vaxið og ekki annað að

heyra en félagsmenn séu ánægðir með það. Ritstjóranum Sigurjóni M Egilssyni þakka ég gott samstarf.

Grásleppunefnd þakka ég fyrir góðan fund í byrjun febrúar og makrílnefnd LS fyrir samstarfið sem gaf mér góða vitneskju þannig að ég upplifði mig stundum sem einhvern sérfræðing í makríl, sem ég er að sjálf sögðu ekki.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

Arthur formaður Landssambands smábátaeigenda í um 28 ár. Þetta er langur tími, hann hefur liðið á örskotsstundu, verið viðburðaríkur og afar skemmtilegur. Takk fyrir samstarfið kæri vinur og megirðu njóta þeirra tíma sem nú taka við.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 144, en voru 147 í fyrra.

Eins og í fyrra tóku engar möppur á móti ykkur nú. Allt verður þetta pappírslaust og tillögur afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 29. aðalfundar Landssambands smábátæigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu.

Takk fyrir.